

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Efni: Drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, mál nr. 141/2021.

Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlegir sáttmálar lagðir til grundvallar.

Tekið er undir mikilvægi þess að setja fram stefnu sem stuðlar að breytingum í þjónustu við eldra fólk og viðhorfum til þess. Meðfylgjandi athugasemdir voru ritaðar af sérfræðingum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Jafnrétti kynjanna

Kynhlutlaus stefnumótun getur ýtt undir og viðhaldið núverandi misrétti og valdið því að ekki sé horft til sértækra þarfa ólíkra hópa fólks. Hvergi er minnst á kyn í drögunum að stefnunni þó er ljóst að staða aldraða getur verið ólík eftir kynjum. Má þar benda á fjárhagsstöðu en vegna langvarandi launamunar kvenna og karla og ólíkrar stöðu þeirra á vinnumarkaði, sem aftur endurspeglast í lífeyrisgreiðslum þá skapast aðstöðumunur m.a. við kaup á þjónustu og hjálpartækjum.

Í drögunum er fjallað er um breytingu á aldursamsetningu þjóðarinnar og fyrirsjáanlega fjölgun í hópi aldraðra. Það er einnig mikilvægt að skoða kynjahlutföllin í elstu aldurshópum og taka mið af þeim í stefnunni. Í mælikvörðum um hagsæld og lífsgæði sem stjórnarráðið gaf út í september 2019 kemur fram að lífslíkur kvenna á Íslandi eru 84 ár en karla 80,6 ár. Lífslíkur við góða heilsu eru hins vegar 66,2 ár fyrir konur en 71,2 ár fyrir karla. Konur lifa því að meðaltali fleiri ár en karlar við slæma heilsu. Í gagnkynhneigðum parasamböndum eru konur líklegri til að lifa lengur en maki sinn og fleiri konur en karlar eru í elsta aldurshópnum sem er líklegastur til að þurfa mikla þjónustu og sækja um á hjúkrunarheimilum.

Ýmsar rannsóknir benda til þess að ekki sé jafnræði í heilbrigðisþjónustu fyrir kynin og einnig hefur verið bent á að tilhneiging sé til að veita körlum meiri heimaþjónustu en konum.

Þetta eru nokkur dæmi um mikilvægi þess að taka kyn inn í myndina þegar unnið er að stefnumótun. Í þessu sambandi er einnig vakin athygli á 30. grein laga nr. 150/2020 um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna:

30. grein

Sambættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.

Margbreytileiki

Stefnumótun þarf að taka mið að því að aldraðir eru fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir. Í hópi aldraðra eru líka innflytjendur og hinsegin fólk svo dæmi séu tekin. Undanfarna áratugi hefur íslenskt samfélag breyst á þann veg að það er fjölmenningslegra en áður og fyrir tilstilli baráttu hinsegin fólks er sá hópur fjölmennari og opnari með sinn hinseginleika en áður. Stefna í málefnum aldraðra þarf að taka mið af þessum veruleika.

Ofbeldi

Í landrýniskýrslu forsætisráðuneytsins um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna¹ kemur fram að ein af megin áskorunum við innleiðingu heimsmarkmiðanna sé að draga markvisst úr kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Í drögunum að stefnunni er hvergi minnst á ofbeldi en Ísland er aðili að Ístanbúlsamningnum og er hann bindandi og kveður á um skyldur stjórnvalda til að vinna gegn ofbeldi.

Það hefur reynt erfitt að meta umfang ofbeldis í garð aldraðra af ýmsum ástæðum, sjá m.a. skýrslu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar um aldraða og heimilisofbeldi. Það er hins vegar mat þeirra sem leggst til þekkja að umfang þess sé meira en mælist í könnunum vegna eftirtalda þátta:

- ✓ Upplifa það sem er að gerast, ofbeldið, ekki sem ofbeldi.
- ✓ Eiga langa sameiginlega sögu með geranda og vilja ekki rugga bátnum.
- ✓ Hafa ekki „fyrir í lífinu“ fengið þá aðstoð sem þurfti.
- ✓ Vita ekki af mögulegri aðstoð.
- ✓ Vilja ekki tala um ofbeldi vegna ríkjandi fordóma.

Konur eru almennt langlífari en karlar en konur eru að sama skapi líklegri en karlar til að verða fyrir ofbeldi á lífsleiðinni², en rannsóknir hafa sýnt að slíkt hefur áhrif á heilsu fólks, sjá . m.a. í rannsóknum Unnar Önnu Valdimarsdóttur.³

Í þessari stefnumótun er nauðsynlegt að fjalla um ofbeldi svo að tilgreint sé í aðgerðaráætlunum sem væntanlega munu fylgja henni hvernig forvörnum gegn ofbeldi verði háttað. Má þar nefna fræðslu, stuðning við aldraða sem verða fyrir ofbeldi og rannsóknir á umfangi ofbeldis í garð aldraðra kvenna og karla.

Umönnunarhagkerfið

Það er einnig mikilvægt í greiningu sem stefnumótun þarf að byggja á að horfast í augu við að konur axla í meira mæli en karlar ábyrgð á ólaunaðri umönnun. Í verðmati á mismunandi leiðum þarf einnig að taka þetta inn í myndina. Vitað er að við niðurskurð eða hagræðingu í umönnunarþjónustu þá hverfur ekki þörfin fyrir umönnun heldur færast hún á herðar annarra. Oftast eru það kvenkyns fjölskyldumeðlimir sem taka að sér þessa umönnun sem takmarkar þá tíma þeirra til að sinna launaðri vinnu. Þegar horft er á heildaráhrif slíkra ákvarðana eru þau ekki endilega hagkvæm þegar áhrifin á umönnunarhagkerfið eru tekin inn í jöfnuna. Einnig þarf að skoða hvaða áhrif mögulegar umönnunargreiðslur hefðu.

¹ Innleiðing Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. 2019.

https://www.heimsmarkmidin.is/library/Skrar/VNR_skyrsla_ISL_2021_28.1.21.pdf

² Saman gegn ofbeldi: Úttekt á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi. 2016.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/lokauttekt_saman_gegn_ofbeldi_isbn-rett.pdf

³ Samspil erfðapátta og áfalla - Unnur Anna Valdimarsdóttir prófessor í lýðheilsuvísindum við HÍ stýrir mörgum og stórum rannsóknum. Læknablaðið 2017. <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2017/06/nr/6448>

Samantekt

Reykjavíkurborg telur mikilvægt stefna um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða taki til sértækra þarfa aldraðra einstaklinga með tilliti til kyns, hinseginleika, uppruna og annarra þátta sem kunna að skipta einstakling máli. Staða aldraðra getur t.a.m. verið mjög ólík eftir kynjum. Konur lifa almennt lengur en karlmenn en virðast þó jafnframt fá minni heimaþjónustu á eldri árum en karlmenn. Einnig gerir Reykjavíkurborg athugasemd við að hvergi sé minnst á ofbeldi í drögum að stefnunni.

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir

Valgerður Jónsdóttir

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar